

DK/

Reykjavík, 26. febrúar 2015

Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (bann við hefndarklámi), 436. mál.

Ákærendafélagið vísar til og tekur undir umsögn ríkissaksóknara vegna sama þingmáls, dags. 23. febrúar sl.

Virðingarfyllst,

Jón H. B. Snorrason
formaður

Til nefndasviðs Alþingis:
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 26. febrúar 2015

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við hefndarklámi). Þingskjal 668 – 436. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkomnu frumvarpi þar sem lagt er til að bætt verði ákvæði við almenn hegningarlög sem lýsir hefndarklám refsivert með afdráttarlausum hætti.

Það er afar mikilvægt að senda út þau skilaboð að það sé óásættanlegt að dreifa persónulegu myndefni án samþykkis þess sem á mynd birtist. Lagasetning er góð leið til þess.

Lagafrumvarpið og greinagerðin með því er vel unnið og vel grundvallað og ekki þörf á að bæta miklu við. Barnaheill taka heilshugar undir það að mikilvægt er að fræða börn og ungmenni um afleiðingar þess að deila myndum með óviðeigandi efni af öðrum manneskjum og um ábyrgð þess sem dreifir því.

Barnaheill hafa áhyggjur af því að erfitt geti reynst að framfylgja lögnum, en vilja í því sambandi benda á að samtökin reka ábendingarhapp í samstarfi við lögreglu þar sem tilkynna má um ólöglegt og óviðeigandi myndefni á neti. Það má gjarnan fjalla um það verkefni í tengslum við framfylgd laganna. Sjá nánar um verkefnið hér:

<http://www.barnaheill.is/Starfsemi/Samstarfsverkefni/AbendingahnappurSaferInternetcenter/>.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt sem lög frá Alþingi og að stjórnvöld leggi áherslu á að koma í veg fyrir hefndarklám og aðrar niðurlægjandi mynddreifingar með fræðslu og forvörnum.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Tilvísun í mál: 2015010052

Til nefndasviðs Alþingis.

Hér fyrir neðan er umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum (bann við hefndarklámi), 436. mál.

F.h. Barnaverndarstofu,
Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu

Bréf

Alþingi, nefndasvið Þórshamri v/Templarasund 150 REYKJAVÍK	Reykjavík, 26. febrúar 2015 2015010052
--	---

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við hefndarklámi) - 436. mál.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við hefndarklámi) - 436. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 10. febrúar 2015, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við hefndarklámi), 436. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa telur í upphafi rétt að taka fram að stofan fagnar því ef skerpt verður á ákvæðum hegningarlaga að þessu leyti. Frá 1. janúar 2014 hefur Barnaverndarstofa tekið saman tölur er varða mál sem þessi og koma í Barnahús. Benda þær tölur til þess að hér sé um að ræða mál sem brýnt er að ekki leiki vafi á um að um refsiverða háttsemi sé að ræða. Á síðasta ári komu í Barnahús átta börn á aldrinum 12 – 15 ára þar sem barn hafði sent kynferðislegar myndir af sér, fjögur börn á aldrinum 8 – 15 ára voru þvinguð til að taka/senda kynferðislegar sjálfsmyndir og alls 24 börn á aldrinum 5 – 17 ára voru í þeirri stöðu að kynferðislegar ljósmyndir eða myndbönd voru sýndar eða teknar (fær sendar kynferðislegar myndir).

Þrátt fyrir að texti frumvarpsins og greinargerðin sé skýr og taki á flestum þeim atriðum sem upp geta komið í tengslum við mál sem þessi, og sé í raun víðtækari en að frumvarpið taki einöngu til hefndarkláms, þá telur Barnaverndarstofa rétt að benda á tvö atriði sem stofan telur brýnt að skerpt sé á í frumvarpinu í meðförum Alþingis.

Þótt svonefnt „hefndarklám“ (revenge porn) sé vissulega algengt birtingarform kynferðilegrar misneytingar getur tilefni hennar átt sé margbreytilegar ástæður. Ein slík er tilraun til kúgunar og hefur það að markmiðið að fá eða þvinga þolanda til tiltekinnna athafna, t.d. með tælingu eða hótun um myndbirtingu á vefnum (svonefnd „sexstortion“). Ekki er í frumvarpinu tekið á þessum þáttum ólögmatra birtinga kynferðislegra mynda, hvorki af börnum né fullorðnum og er brýnt að breyta frumvarpinu að þessu leyti. Að mati Barnaverndarstofu er því nauðsynlegt að tilgreina í 229. gr. hgl. refsineami hótana sem þolandi kann að verða fyrir í þessu sambengi. Í ljósi þessa veltir Barnaverndarstofa því upp hvort rétt sé að að fela refsiréttarnefnd að taka málið til skoðunar, enda um brýna lagabreytingu að ræða sem mikilvægt er að tekið sé á öllum þáttum myndbirtinga eða þvingana tengdum sendingum á kynferðislegum myndum þegar hegningarlögum verður breytt hvað þessa þætti varðar.

Hins vegar er ekki gerð ráð fyrir að refsing sé þvingd ef brotþoli er undir 18 ára aldri, en almennt eru refsingar við kynferðisbrotum þingri ef brotþoli er á barnsaldri. Telur Barnaverndarstofa því jafnframt mikilvægt að frumvarpinu verði breytt hvað þetta varðar.

Þess má geta að Lanzarote nefnd Evrópuráðsins sem hefur eftirlit með framkvæmd bindandi samnings Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi fyrirhugar að gefa sérstakt álit (opinion) er varðar ákvæði 23. gr. samningsins með hliðsjón af upplýsinga- og margmiðlunartækni fyrir lok marsmánaðar. Barnaverndarstofa mun koma álitinu á framfæri við allsherjar- og menntamálanefnd við fyrsta tækifæri en það kann að hafa að geyma frekari atriði sem ástæða er til að fjalla um í tengslum við frumvarp þetta.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi
Austurstræti 14, 101 Reykjavík, Iceland
info@immi.is / http://www.immi.is



Nefndarsvið Alþingis

26. febrúar 2015

IMMI, stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi, fagnar því að það málefni sem tekið er á með frumvarpinu sé tekið upp á vettvangi Alþingis. IMMI er stofnun sem fyrst og fremst stendur vörð um tjáningar- og upplýsingafrelsi en friðhelgi einkalífs er gríðarlega mikilvægt stofnuninni og lítur að mannréttindum, lýðræðislegu stjórnaritari og réttindum fólks í upplýsingasamfélagi nútímans. Friðhelgismál eru mikið í deiglu á þessum tímum og IMMI vinnur m.a. að rannsóknum er lúta að gagnaöryggi og lagasetningum sem kveða á um friðhelgi og gagnavernd.

Myndbirting og deiling kynferðislegra mynda af einstaklingi án þess að samþykki hans liggi fyrir skerðir gríðarlega friðhelgi einkalífs viðkomandi og á að sjálfsögðu að vera gert refsivert athæfi. Ákvæði 233. gr. b) er ætlað að taka á hefndarklámi en fallast má á að ákvæðið sé ekki nægilega skýrt að þessu leyti.

IMMI telur hins vegar að vinna verði frumvarpið betur og þá sérstaklega 2. gr. frumvarpsins sem er að mati IMMI orðuð með of víðtækum hætti og víðtækari hætti en markmið frumvarpsins felur í sér. Með ákvæðinu er lagt til að gert verði refsivert að dreifa efni sem veldur tjóni, vanlíðan eða er lítilsvirðandi fyrir þolanda. Ákvæðið þyrfti að afmarka með skýrari hætti þannig að ljóst sé að það eigi við hefndarklám en ekki annarskonar upplýsingar sem geta jafnvel átt erindi til almennings og varðað stjórnsmál og ýmis samfélagsmál. Gagnrýni á stjórnsmálsmenn getur til dæmis valdið stjórnsmálsmönnum tjóni og það er ekki markmið frumvarpsins að banna myndefni, ljósmyndir eða annað efni sem valdið getur stjórnsmálsmönnum tjóni. IMMI hvetur til þess að hugað verði nánar að ákvæði 2. gr. frumvarpsins, áður en það verður tekið til frekari meðferðar í þinginu.

Þá bendir IMMI einnig á að ekki er í frumvarpinu reiknað með því að einhver tengsl þurfi að vera á milli þolanda og geranda. Þetta á við um bæði 1. gr. og 2. gr. ákvæðisins. IMMI tekur ekki beinlínis afstöðu til hvort svo þurfi að vera en vill engu að síður benda á þetta til samræmis við 233. gr. b. almennra hegningarlaga.

IMMI leggur til að hinkrað verði með samþykkt frumvarpsins þar til mál sem dómtekið var 13. febrúar sl. og varðar það málefni sem hér um ræðir, er til lykta leitt því með úrlausn þess kemur væntanlega betur í ljós hvort og hvar pottur er brotin í löggjöfinni.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd IMMI,

Guðjón Idir Guðnýjarson
Framkvæmdastjóri IMMI

REFSIRÉTTARNEFND

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
M. 48	Átm. B4
Innk.	APR. 2015
IBR	15010021

Alþingi 16.4.2015

Málsnr.: 1412036

Málalykill: 0.34.2

436.mál

Virðulegur innanríkisráðherra
Ólöf Nordal
Sölvhólsgrötu 7
150 Reykjavík.

Reykjavík, 30. mars 2015

Þann 12. mars 2015 barst refsiréttarnefnd erindi innanríkisráðuneytisins, dagsett þann sama dag, þar sem þess er óskað að nefndin veiti umsögn sína um fram komið frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (bann við hefndarklám), mál 468. Í erindi ráðuneytisins kemur jafnframt fram að beiðnin sé borin fram í samræmi við óskir allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis.

Refsiréttarnefnd tók erindið til umræðu á fundi sínum þann 19. mars 2015. Að mati nefndarinnar þarfnast framangreint frumvarp frekari athugunar við. Þá telur nefndin nauðsynlegt að nánar sé rannsakað hvort þörf sé á sérstökum ákvæðum um það sem nefnt hefur verið hefndarklám. Í því sambandi vekur nefndin athygli á því að töluverð umræða fer nú fram á Norðulöndum um efnið auk þess sem nú er til meðferðar mál fyrir íslenskum dómstólum þar sem ákært er fyrir háttsemi eins og þá sem ákvæðum frumvarpsins virðist m.a. ætlað að ná til. Í ljósi alls framangreinds er það mat refsiréttarnefndar að áður en almennum hegningarlögum verður breytt í þá veru, að sú háttsemi sem nefnd hefur verið hefndarklám verður sérstaklega gerð refsiverð, þurfi að fara fram mun ítarlegri athugun á viðfangsefninu, þ. á m. á þörf slíkra breytinga, sem og frekari refsiréttarleg greining. Af þessum sökum er það jafnframt mat nefndarinnar að ekki sé ástæðu til að hún veiti á þessu stigi umsögn sína um einstök efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. refsiréttarnefndar,

Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, formaður.

1870

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 18. mars 2015
1503008 IE

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við hefndarklámi), 436. mál, þskj. 668.

Jafnréttisstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 10. febrúar 2015, en þar var stofnuninni gefið tækifæri til að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (bann við hefndarklámi), 436. mál, þskj. 668. Jafnréttisstofa biðst velvirðingar á því hversu seint umsögn þessi er send.

Jafnréttisstofa fagnar því að komið sé fram frumvarp á Alþingi sem miðar að því að gera svokallað hefndarklám refsivert og telur mjög brýnt að tekið sé á því í almennum hegningarlögum, kaflanum um kynferðisbrot.

Jafnréttisstofa styður það að svokallað hefndarklám verði gert refsivert. Rétt er þó að nefna það að Jafnréttisstofa er ekki viss um að hugtakið „hefndarklám“ sé nægilega lýsandi og hvetur allsherjar- og menntamálanefnd til þess að gefa gaum að tillögu þeirri sem Kvenréttindafélag hefur sett fram í sinni umsögn um málið að nefna brotið fremur „hrelliklám“. Það hugtak, eins og því er lýst í umsögn KRFÍ, er betur lýsandi en hugtakið „hefndarklám“ enda ekki alltaf verknað sem flokkast getur sem hefnd að ræða.

Jafnréttisstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega nánari upplýsingar og skýringar sem þörf kann að vera á, verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar, verði þess óskað.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elíasdóttir

lögfræðingur



Kvenréttindafélag Íslands

2. mars 2015
Hallveigarstöðum, Reykjavík

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við hefndarklámi), þingskjal 668 - 436. mál.

Kvenréttindafélag fagnar því að á þessu þingi er lagt fram frumvarp þar sem ákvæði um „hefndarklám“ er bætt við kynferðisbrotakafla almennu hegningarlaganna.

„Hefndarklám“ er hugtak sem hefur verið notað hér á landi og erlendis til að vísa til klámfengis eða kynferðislegs myndefnis sem miðlað er á netinu án samþykkis þess sem þar sést. Hugtakið er að mörgu leyti villandi þar sem þessu efni er ekki alltaf dreift í hefndarskyni: Ljósmyndum er vissulega stundum dreift í hefndarskyni, en þeim er líka stolið og komið í dreifingu af einstaklingum sem engin tengsl hafa við þann sem er á myndinni, ljósmyndir eru teknar af einstaklingum í óþökk þeirra og/eða án þess að þeir viti af því, ljósmyndum er dreift af vanþekkingu, grunnhyggni, grandaleysi, í stríðni, ljósmyndum er dreift sem gjaldmiðli á spjallsíðum, ljósmyndir eru notaðar til að kúga og viðhalda þrælkun einstaklinga sem hafa verið seldir mansali, o.s.frv.

Í öllum tilvikum er um að ræða efni þar sem einstaklingur er sýndur nakinn og/eða á kynferðislegan máta og dreift án samþykkis þess einstaklings. Margir vilja því meina að betra hugtak yfir fyrirbærið sé „klám án samþykkis“ (e. „nonconsensual pornography“). Þessi þýðing er þó óþjál á íslensku og er að mati félagsins heldur ekki nógu lýsandi, þar sem þetta hugtak lýsir ekki ógninni sem felst í og fylgir með myndbirtingu kláms án samþykkis.

Kvenréttindafélagið mælir með að hugtakið „hrelliklám“ sé notað um þetta fyrirbæri. Í hugtakinu „hrelliklám“ er áherslan ekki aðeins á myndefnið heldur einnig á það að birting myndefnisins felur í sér ofsóknir og aðför að frelsi einstaklingsins, sem og á þá staðreynd að með þessum myndbirtingum fylgja oft beinar ofsóknir í símtölum, tölvupóstum, skilaboðum á netinu, o.s.frv. Hugtakið „hrelliklám“ fellur vel að íslenskri orðanotkun, en hugtakið „eltihrellir“ hefur öðlast fastan sess í tungumálinu sem þýðing á enska orðinu „stalker“, einstaklingur sem eltir annan mann, ofsækir og ógnar.

Hrelliklám er ný birtingarmynd ofbeldis þar sem efni sem tekið er í trúnaði eða án vitundar þess sem er á myndinni er sett í dreifingu á netinu og með öðrum leiðum. Hrelliklám verður sífellt algengara hér á landi og þolendur þess eiga fá ráð til að bregðast við birtingu þess. Erfitt er að eyða efni sem einu sinni er komið á netið.

Hrelliklám er sívaxandi vandamál á þessari öld. Í viðamikilli rannsókn sem gerð var árið 2013 af bandaríska tölvufyrirtækinu McAfee, sem sérhæfir sig í öryggismálum á netinu, kom í ljós að 13% viðmælanda höfðu reynslu af því að persónuleg gögn þeirra, þ.á.m. myndefni, væri komið í dreifingu.

Engar sambærilegar rannsóknir hafa verið gerðar á umfangi hrellíkláms hér á landi. Árið 2014 var þó gerð óformleg könnun meðal menntaskólanema til að athuga umfang þess lags kláms, í grein Ragnheiðar Davíðsdóttur „Nektarmyndamenning netheima: Krípskot og hefniklám“ sem birtist í *19. júní*, ársriti Kvenréttindafélags Íslands 2014. Fjórir viðmælendur, tveir strákar og tvær stelpur, voru valdir til að deila reynslu sinni, og fylgir sú grein þessari umsögn. Allir viðmælendur höfðu fengið sendar og sent sjálfir ljósmyndir og/eða myndskleið þar sem einstaklingur er sýndur nakinn og/eða á kynferðislegan máta. Sumt myndefnið var sent með samþykki og sumt án samþykkis.

Þjóðríki og fylki um allan heim hafa sett lög á síðustu árum sem reyna að vernda þolendur hrellíkláms og hindra dreifingu þess. Margar mismunandi leiðir hafa verið farnar í þeim efnum. Lengsta reynslan og dýpsta þekkingin á lagasetningu gegn hrellíklámi er án efa í Bandaríkjunum, en þar hafa 16 fylki sett löggjöf til að stemma stigu við hrellíklámi og fer hvert fylki sínar leiðir við útfærslu þessara laga.

Í janúar 2015 kom út grein eftir Mary Anne Franks, lagaprófessor við lagadeild Háskólans í Miami, þar sem hún ber saman þær mismunandi leiðir sem farnar hafa verið í Bandaríkjunum og í löndum utan Bandaríkjanna við lagasetningu gegn hrellíklámi. Greinin ber titilinn „Drafting an Effective 'Revenge Porn' Law: A Guide for Legislators“ og er sérstaklega ætluð löggjafarvaldinu sem vinnur að gerð slíkra laga, en greininni mælir Franks með svokallaðri „fyrirmyndarlöggjöf“ gegn hrellíklámi þar sem hið besta úr mismunandi lagasetningum fylkja og landa er tekið til. Umsögn Kvenréttindafélags Íslands byggist að hluta til af hugmyndum Franks, og afrit af grein hennar fylgir þessari umsögn.

Kvenréttindafélag Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið eins og það er lagt fyrir í þingskjali 668 – 436. máli.

1. grein

Í fyrstu grein þessa frumvarps er lagt til að á eftir 210. gr. b laganna komi ný grein, 210. gr. c, svohljóðandi: Hver sem flytur inn, aflar sér eða öðrum, birtir eða dreifir myndefni, ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegum hlutum þar sem einstaklingur er sýndur nakinn eða á kynferðislegan hátt án samþykkis þess sem á myndunum er, skal sæta fangelsi allt að 1 ári en allt að 2 árum ef brot er stórfellt.

Kvenréttindafélag Íslands fagnar því að ákvæði um hrellíklám sé sett inn í XXII. kafla hegningarlagna um kynferðisbrot. Hrellíklám er kynferðisbrot.

Kvenréttindafélag Íslands mælir þó með að þessi grein sé flutt undir 199. grein XXII. kafla almennu hegningarlagna nr. 19/1940 um kynferðislega áreitni. Í frumvarpinu er þessi grein sett undir 210. grein laganna sem fjallar um birtingu og dreifingu á klámi. Kvenréttindafélag Íslands vill leggja áherslu að hrellíklám er tegund af kynferðislegri

áreitni, og telur að löggjöfin skuli skilgreina það sem slíkt með því að flytja greinina undir 199. grein sem tilgreinir kynferðislega áreitni.

Í 199. grein er kynferðisleg áreitni skilgreind sem svo: „Kynferðisleg áreitni felst m.a. í því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum annars manns innan klæða sem utan, enn fremur í táknrænni hegðun eða orðbragði sem er mjög meiðandi, ítrekað eða til þess fallið að valda ótta.“ Hrelliklám er kynferðisleg áreitni þar sem birting myndefnis eða hótun um birtingu myndefnis er beitt til að meiða, kúga og valda ótta.

Árið 2007 dæmdi Hæstiréttur Íslands karlmann sekan fyrir að deila hrelliklámi og var hann sakfelldur fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (sjá dóm Hæstaréttar nr. 242/2007). Grein 209 gerir sakhæft lostugt athæfi sem særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis. Refsiramminn er 4 ár í þessari grein.

Kvenréttindafélag Íslands telur að hrelliklám eigi frekar að falla undir 199. grein laganna um kynferðislega áreitni, en gerir alvarlegar athugasemdir við því að refsiramminn sé í þeirri grein aðeins 2 ár, eða helmingur af refsiramma fyrir brot á 209. grein. Kvenréttindafélag Íslands getur ekki fallist á að kynferðisleg áreitni sé léttvægara brot en lostugt athæfi sem særir blygðunarsemi manna.

Kvenréttindafélag Íslands mælir einnig með að orðalag á þessari 1. grein frumvarpsins sé skerpt. Félagið veltir fyrir sér hvort að orðalag þessarar greinar sé svo vítt að myndbirtingar foreldra af berrösuðum smábörnum sé gerð ólögleg.

Kvenréttindafélag Íslands telur mikilvægt að ekki megi gera ólögmætar myndbirtingar sem sýni nekt einstaklinga, ef myndbirtingin er í almannahag. Þolendur kynferðislegrar áreitni og annarra kynferðisbrota eiga að geta deilt ljósmyndum til að styðja mál sitt. Ekki á t.d. að vera saknæmt að deila ljósmyndum af einstaklingi sem „flassar“ eða afhjúpar kynfæri sín á götu úti. Einnig ætti t.d. ekki að vera saknæmt þegar einstaklingur sem hefur verið áreittur með óumbeðnum ljósmyndum af kynfærum deilir þeim til sönnunar um að áreitið hafi átt sér stað.

2. grein

Í annari grein þessa frumvarps er lagt til að á eftir 229. gr. laganna komi ný grein, 229. gr. a, svohljóðandi: Hver sem birtir eða dreifir myndefni, ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegum hlutum og birting eða dreifing er til þess fallin að valda þolanda tjóni eða vanlíðan eða er lítilsvirðandi fyrir þolandann skal sæta fangelsi allt að 1 ári en allt að 2 árum ef brot er stórfellt.

Kvenréttindafélag Íslands styður það að hrelliklám birtist á tveimur stöðum í almennu hegningarlögunum 19/1940, bæði undir XXII. kafla um kynferðisbrot sem og XXV. kafla um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Þó teljum við mun mikilvægara að hrelliklám falli undir kynferðisbrot, frekar en brot á friðhelgi einkalífs.

Að þessu sögðu, ef ákveðið verður að setja inn ákvæði um hrelliklám inn í XXV. kafla um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs, teljum við mjög mikilvægt að einnig séu gerðar breytingar á 242. grein þess kafla þar sem tilgreint er hvernig saksókn fari fram gegn brotum í þeim kafla. Eins og frumvarpið er orðað núna, þá myndi ný 229. grein a um hrelliklám falla undir 3. málslíð 242. greinar, sem þýðir það að mál gegn birtingu hrellikláms „getur sá einn höfðað, sem misgert er við.“

Kvenréttindafélag Íslands telur að gerendur hrellikláms skuli skýlaust sæta ákæru sem sé höfðuð af ákæruvaldinu, ekki af þolandanum. Það er óásættanlegt að leggja það á herðar þolendur kynferðisbrota og hrellikláms að þurfa að standa í einkamálsóknum til að ná fram rétti sínum. Mælir félagið með að gerð verði breyting á 242. grein 1. málslíð, og að ákvæði um hrelliklám sé skilyrt sem brot ákært af yfirvöldum, líkt og brot á 233. grein hegningarlaganna eru í dag.



RAGNHEIÐUR DAVÍÐSDÓTTIR

Nektarmyndamenning netheima:

KRÍPSKOT OG HEFNIKLÁM

Á síðustu misserum hefur átt sér stað mikil umræða um dreifingu nektarmynda á netinu, sérstaklega dreifingu ljósmynda sem hafa verið teknar án vitundar þess sem á henni birtist og dreifingu sem er gegn vilja, eða án vitundar, þess aðila. Erfitt er að sporna gegn þessari mynddreifingu og fórnarlömbin eru varnarlaus og eiga í fá hús að venda. Ragnheiður Davíðsdóttir fór á stúfana og tók tali fjögur ungmenni um reynslu þeirra af dreifingu nektar- og kynlífsmynda af íslenskum stúlkum og strákum.

Samskiptamiðlar eins og Snapchat eru gríðarlega vinsælir meðal unglinga þessa dagana. Snapchat er smáforrit (svokallað „app“) sem býður upp á að senda ljósmyndir og myndbandsbrot allt upp í 10 sekúndur frá einum snjallsíma til annars. Sendingin hverfur svo endanlega og á viðtakandi því ekki tók á að sjá myndina eða myndbrotið lengur.

Eða svo er sagt. Í sumum sínum er reyndar hæglega hægt að vista þessar myndir með því að taka svokallað skjáskot (myndafrít). Þá er hægt að geyma myndirnar eða gera hvað sem er við þær, meðal annars dreifa þeim.

Ýmis álitamál hafa komið upp bæði héraendis og erlendis varðandi dreifingu slíkra skjáskota, sérstaklega gagnvart nektarmyndamenningu sem virðist vera að þróast hjá yngri kynslóðunum á Íslandi. Íslenska netsíðan PinkChan hefur til að mynda boðið notendum upp á að skiptast á ljósmyndum af íslenskum stelpum. Sumar þeirra eru ekki nema fjórtán ára.

Þessi menning hefur kallað eftir nýyrðum á borð við „krípskot“ og „hefniklám“ og nýjum hugtökum á borð við „rafrænt einelti“. Þetta hefur gengið svo langt að til að mynda Ríkislögreglustjóri, Barnaverndarstofa og SAFT hafa óskað eftir lokun ákveðinna vefsíðna sem buðu upp á slíkt efni.

En hvar liggja mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs eða annarra verndarhagsmuna? Það hljóta flestir að vera sammála því að varasamt sé að takmarka tjáningarfrelsi netverja með ritskoðun.

Slíkt kann þó að vera nauðsyn. En jafnvel þótt netþjónustufyrirtæki loki fyrir aðgang að sóðalegum vefsíðum dregur það vart úr notendum þeirra. Þeir virðast halda áfram að birta og vísa á nektar- og kynlífsmyndir af íslenskum stúlkum og stráku.

„Netið er magnaður miðill. Netheimar og nýir samskiptamiðlar eru að breyta menningu okkar. Hraðfleyg upplýsingatæknin með sínum samskiptamáta kallar á að hlustað sé á reynslusögur þeirra yngri.“

Netið er magnaður miðill. Netheimar og nýir samskiptamiðlar eru að breyta menningu okkar. Hraðfleyg upplýsingatæknin með sínum samskiptamáta kallar á að hlustað sé á reynslusögur þeirra yngri. Við spurðum því tvær stúlkur og tvo drengi úr mismunandi framhaldsskólum í höfuðborginni út í reynslu þeirra og viðhorf gagnvart þessari nektarmyndamenningu. Þau voru einnig spurð út í notendahópa PinkChan og nektarmyndir þeirra.

Öll fjögur höfðu fengið sendar myndir til sín í gegnum Snapchat. Að auki könnuðust þau öll við einhvern sem hafði sent og móttakið ljósmyndir. Af viðtölum við þau fjögur að dæma finnst þeim nektarmyndir frekar eðlilegar, en voru ósammála um mögulega skaðsemi þeirra.

STÚLKA, 19 ÁRA

Ég held að fólk sendi nektarmyndir af sér af margvíslegum ástæðum. Fólk í fjarsamböndum sendir þær til dæmis til að halda nánd og „minna á“ hvað bíður hins aðilans þegar þau hittast á ný. Þetta gæti líka verið sýniþörf eða einhvers konar athyglissýki. Ég held að karlar sem senda óumbeðnar myndir af kynfærum sínum geri það til að svala einhverri frumstæðri þörf til að sýna fram á vald.

Ég hef fengið sendar myndir frá kannski fimm manns, frá báðum kynjum, bæði í gríni en líka fyrir kynferðislega athygli. Ég hef líka stundað að senda myndir. Ég byrjaði að senda þær þegar ég var 17 ára, til stráks sem ég hafði verið að sofa hjá á tímabilinu, það var eiginlega smá einkahúmor á milli okkar.

Ég hef ekki orðið fyrir neikvæðri reynslu af því að senda nektarmyndir. Jafnframt hef ég ekkert á móti þeim svo lengi sem sendandi og sá sem fær hana senda til sín hafa veitt samþykki sitt og geri sér grein fyrir hvaða afleiðingar það hefur ef myndirnar komast í dreifingu.

En þannig ganga hlutirnir ekki alltaf fyrir sig. Ég þekki til stelpu sem sendi

„Þegar þau hættu saman tók strákurinn upp á því að dreifa myndunum til vina sinna sem dreifðu þeim áfram til vina sinna. ... Hún var niðurlægð, baktöluð og útskúfuð en strákurinn lenti aldrei í vandræðum.“

afar kynferðislegar myndir til kærasta síns sem vistaði þær. Þegar þau hættu saman tók strákurinn upp á því að dreifa myndunum til vina sinna sem dreifðu þeim áfram til vina sinna. Vinir hennar fréttu af þessu og sáu myndirnar. Að lokum heyrðu foreldrar hennar af þessu öllu saman. Hún var niðurlægð, baktöluð og útskúfuð en strákurinn lenti aldrei í vandræðum.

Ég held að sending á nektarmyndum hafi stóraukist eftir tilkomu Snapchat en þar fer dreifing á nektarmyndum aðallega fram, en líka á samskiptamiðlum eins og Facebook. Nektarmyndir eru kannski ekki orðnar eðlilegur partur af samfélaginu, heldur frekar í lífi vissra aðila, þá sérstaklega af yngri kynslóðinni.

Ég hugsa að það sé frekar jafnt hlutfall milli kynjanna þegar það kemur að því að senda nektarmyndir, en ég held að strákar séu meira í því að biðja um nektarmyndir. Ég held líka að strákar séu líklegri til þess að dreifa myndunum en stelpur en þá frekar í þeim tilgangi til að monta sig, en stelpur frekar í hefndartilgangi.



STRÁKUR 17 ÁRA

Fólk sendir nektarmyndir aðallega í gríni á vini sína en líka fyrir athygli. Þör senda hvort öðru myndir en mér finnst það ekki sniðugt. Ég myndi aldrei senda svona myndir á stelpur. Ég treysti þeim ekki. Ég hef sent myndir á vini mína í gríni.

Fyrstu myndina sendi ég til vina minna 16 ára, bara til að sjá hvaða viðbrögð ég fengi. Þau voru frekar slæm. Ég hef oft fengið sendar myndir, en bara frá strákum og alltaf í gríni. Ég hef örugglega fengið sendar um fimmtíu myndir af stelpum frá vinum mínum. Þeir hafa þá fengið myndirnar frá stelpunni og dreift þeim síðan.

Ég hef vistað skjáskot frá PinkChan og þekki marga sem eru með slíkar myndirnar vistaðar. Ég þekki til dæmis stelpu sem vistaði myndirnar af öllum stelpum sem hún þekkti og sendi síðan öðrum þær. Ég held að fólki finnist allt í lagi að vista myndirnar því þeim líður eins og manneskjan á myndinni sé ekki manneskja. Þetta verður svo óraunverulegt á netinu. Næstum eins og klám. Síður eins og PinkChan virka eins og markaður. Þú getur skipt á myndum fyrir mynd. Þú getur jafnvel beðið um

sérstaka stelpu og að lokum eru stelpurnar mismetnar í virði myndanna.

Ég held að stelpur stundi ekki svona því að þær hafa ekki áhuga á klámi. Þetta er í eðli karla því að það er komið öðruvísi fram við okkur en konur í uppeldinu. Ég held líka að kynþokki kvenna selji betur en karla. Það er til dæmis til strippari í London sem auglýsir sig á SnapChat og hefur öðlast heimsfrægð. Hún sendir nektarmyndir af sér ásamt tíma og stað þegar hún er að vinna. Ég held að strákar sendi oftast svona myndir af sér, því þeir taka sig ekki jafn alvarlega. Fólk sem er á móti nektarmyndum eru þeir sem bera meiri virðingu fyrir sjálfum sér og átta sig á því að svona myndir hverfa sjaldan alveg frá sjónarsviði.

„Þetta verður svo óraunverulegt á netinu. Næstum eins og klám. Síður eins og PinkChan virka eins og markaður. Þú getur skipt á myndum fyrir mynd. Þú getur jafnvel beðið um sérstaka stelpu og að lokum eru stelpurnar mismetnar í virði myndanna.“



STELPA, 17 ÁRA

Ég held að fólk sendi nektarmyndir af sér fyrir athygli. Ég hef fengið sendar myndir frá báðum kynjum, þar af kannski tíu stráku. Fyrstu nektarmyndina fékk ég 13 ára frá einhverjum ókunnugum manni sem talaði við mig á samskiptamiðlinum MSN. Það hafði afar slæm áhrif á mig. Síðan þá hef ég oft lent í því að fá óumbeðnar myndir frá strákum sem ég þekki varla. En ég hef líka fengið myndir frá strák sem ég var í sambandi við og frá vinum mínum í gríni. Það finnst mér allt í lagi.

Ég hef bara sent myndir á einn strák sem ég var í sambandi við. Það reyndist mér ekki vel því þegar við hættum saman, byrjaði hann að dreifa myndunum af mér. Ég leyfði kærastanum að vista myndirnar, sem jók sársaukann þegar hann dreifði þeim því ég treysti honum. Ég var heima hjá vinkonu minni þegar ég frétti af þessu og ég hringdi rակleiddis í hann til að ræða þetta við hann. Hann svaraði ekki, heldur svaraði strákurinn sem hafði fengið myndirnar af mér, hlæjandi. Þegar ég loksins náði sambandi við kærastann fyrrverandi réttlætti hann þetta með því að segja að strákurinn hafi

„Hann leit ekki á þetta sem brot gagnvart mér og skildi ekki af hverju ég var svona sár. Næstum eins og hann greindi ekki að ég var á þessum myndum.“

átt inni hjá honum því strákurinn hafði sýnt honum myndir af annarri stelpu í staðinn. Hann leit ekki á þetta sem brot gagnvart mér og skildi ekki af hverju ég var svona sár. Næstum eins og hann greindi ekki að ég var á þessum myndum.

Mér finnst hræðilegt hvað nektarmyndir eru orðnar eðlilegar. Ég hef svo oft lent í því að sjá stráka sýna hvorum öðrum skjáskot í símunum sínum, líkt og verðlaun. Mín kynslóð er með nektarmyndir á heilanum. Strákar horfa meira á klám en stelpur. Þeir eru vanir að sjá naktar stelpur á netinu og gera þess vegna lítinn greinarmun. Líklega senda stelpur og strákar jafn mikið af myndum, en í mismunandi tilgangi.

Með aukinni tækni er auðveldara að senda nektarmyndir. Fólk heldur að þær tynist, en svo er ekki. Það er ótrúlega auðvelt að vista myndirnar, svo hverfa myndir aldrei fyllilega af netinu!



STRÁKUR, 16 ÁRA

Fólk sendir myndir af mörgum ástæðum: Fyrir athygli frá hinu kyninu, til að sjá viðbrögð fólks en líka bara í gríni. Einn daginn datt ég inn á síðu sem hét Kik. Þar tókst mér að plata marga tugi útlenskra stelpna til að senda mér myndir af sér. Ég spjallaði við þær í viku eða tvær, þar til þær treystu mér, og þá bað ég um myndir. Svo sendi ég vinum mínum myndirnar. Stundum fékk ég jafnvel myndbönd af þeim. Þetta var einfalt.

Ég gerði það fyrst aðallega til að sjá hvort ég gæti það en svo fór þetta að verða áhugamál hjá mér. Mér hætti að finnast þetta í lagi þegar ég byrjaði með stelpu hérlendis og áttaði mig á því að bakvið myndirnar voru stelpur sem höfðu treyst mér.

Inni á Kik voru líka hópar tileinkaðir því að deila svona myndum og hvern dag fóru hundrað nýjar myndir af stelpum í gegnum hópinn. Ég held að strákar séu meira í því að deila svona myndum, en að stelpur séu þó ekki lausar við það. Kannski af því strákar hafa meiri áhuga á svona hlutum. Strákar senda fleiri myndir, en þeir taka þær kannski ekki jafn alvarlega og stelpur.

„Mér er alveg sama þótt stelpur sendi mér myndir. En ef ég frétti að systir mín hefði lent í svona, yrði ég miður mín.“

Fólk sendir fleiri myndir nú til dags því það er svo létt. Snjallsímar og smáforrit eins og SnapChat gera svona „sexting“ (kynferðisleg smáskilaboð) svo einfalt að þetta komst fljótt í tísku. Nektarmyndir eru þannig orðnar eðlilegur hluti af lífi fólks. Menningin snýst svo mikið um útlit og kynlíf. Þeir sem eru fyrir dreifingu nektarmynda hafa líkast til aldrei þekkt neinn sem hefur lent illa í því. Þetta er svo fjarlæg.

Mér er alveg sama þótt stelpur sendi mér myndir. En ef ég frétti að systir mín hefði lent í svona, yrði ég miður mín.



Nektarmyndir eru svo sannarlega ekki nýtt fyrirbæri. Í gegnum aldanna rás hafa þær verið náttúrulegar í sjálfum sér og eðlilegur partur af heilbrigðum samskiptum milli kynjanna. Hins vegar eiga þær sérhættulega hlið og hafa skal allan vara á þegar það kemur að miðlun þeirra á samskiptamiðlum nútímans. Þar verður traust vina jafnvel að meta með lengri tíma í huga. ■

Allar myndir í þessari grein eru fengnar frá ljósmyndaþjónustunni Shutterstock.

Drafting An Effective “Revenge Porn” Law: A Guide for Legislators

Mary Anne Franks[†]

January 5, 2015

Table of Contents

I. Defining the Problem..... 2

II. Global and U.S. Legislative Efforts..... 3

III. Elements of an Effective Law4

IV. Model State Law.....8

V. Supplemental Resources: Revenge Porn Statistics..... 8

VI. Supplemental Resources: Case Studies.....10

 a. Holly Jacobs..... 10

 b. Alecia Crain..... 11

 c. Adam Kuhn..... 12

 d. “Sarah”..... 12

 e. Audrie Pott..... 12

[†] Associate Professor of Law, University of Miami School of Law; Director of Legislative and Tech Policy & Vice-President, Cyber Civil Rights Initiative. Contact the author at mafranks@law.miami.edu.

I. Defining the Problem

The disclosure of sexually explicit images without consent and for no legitimate purpose – popularly but misleadingly referred to as “revenge porn” – causes immediate, devastating, and in many cases irreversible harm. A vengeful ex-partner, opportunistic hacker, or rapist can upload an explicit image of a victim to a website where thousands of people can view it and hundreds of other websites can share it. In a matter of days, that image can dominate the first several pages of search engine results for the victim’s name, as well as being emailed or otherwise exhibited to the victim’s family, employers, co-workers, and peers. Victims are frequently threatened with sexual assault, stalked, harassed, fired from jobs,² and forced to change schools.³ Some victims have committed suicide.⁴

Nonconsensual pornography is not a new phenomenon, but its prevalence, reach, and impact have increased in recent years. The Internet has greatly facilitated the rise of nonconsensual pornography, as dedicated “revenge porn” sites and other forums openly solicit private intimate images and expose them to millions of viewers, while allowing the posters themselves to hide in the shadows.⁵ As many as 3000 websites feature “revenge porn,”⁶ and intimate material is also widely distributed without consent through social media, blogs, emails, and texts. The Cyber Civil Rights Initiative (CCRI) hears from an average of 20-30 victims every month. Technology and social media make it possible for abusers to “crowd-source” their harassment as well as making it possible for unscrupulous individuals to profit from it.

The term “revenge porn” is misleading in two respects. First, perpetrators are not always be motivated by vengeance. Many act out of a desire for profit, notoriety, or entertainment, including hackers, purveyors of hidden or “upskirt” camera recordings, and people who distribute stolen cellphone photos. The term “revenge porn” is also misleading in that it implies that taking a picture of oneself naked or engaged in a sexual act (or allowing someone else to take such a picture) is pornographic. But creating explicit images in the expectation within the context of a private, intimate relationship - an increasingly common practice⁷ - is not equivalent to creating pornography. The act of disclosing a private, sexually explicit image to someone other than the intended audience, however, can accurately be described as pornographic, as it transforms a private image into public sexual entertainment. Many victim advocates accordingly use the term “nonconsensual pornography.”

² See Ariel Ronneburger, *Sex, Privacy, and Webpages: Creating a Legal Remedy for Victims of Porn 2.0*, 21 Syracuse Sci. & Tech. L. Rep. 1 (2009), 10.

³ See Danielle Keats Citron & Mary Anne Franks, *Criminalizing Revenge Porn*, 49 Wake Forest L. Rev. 345 (2014).

⁴ Emily Bazelon, [Another Sexting Tragedy](#), Slate, April 12, 2013.

⁵ Dylan Love, [It Will Be Hard to Stop the Rise of Revenge Porn](#), Business Insider, Feb. 8, 2013.

⁶ The Economist, [Revenge Porn: Misery Merchants](#), July 5, 2014.

⁷ In a recent survey of 1100 New Yorkers, nearly half (45%) reported that they had recorded themselves having sex. New York Post, [New Yorkers Reveal What Their Sex Lives Are Really Like](#), Sept. 3, 2014.

Nonconsensual pornography refers to sexually explicit images disclosed without consent and for no legitimate purpose. The term encompasses material obtained by hidden cameras, consensually exchanged within a confidential relationship, stolen photos, and recordings of sexual assaults. Nonconsensual pornography often plays a role in intimate partner violence, with abusers using the threat of disclosure to keep their partners from leaving or reporting their abuse to law enforcement.⁸ Traffickers and pimps also use nonconsensual pornography to trap unwilling individuals in the sex trade.⁹ Rapists are increasingly recording their attacks not only to further humiliate their victims but also to discourage victims from reporting sexual assaults.¹⁰

The rise in this destructive conduct is due in part to the fact that malicious individuals do not fear the consequences of their actions. Before 2013, there were few laws in the United States explicitly addressing this invasion of sexual privacy, even as concerns over almost every other form of privacy (financial, medical, data) have captured legal and social imagination. While some existing voyeurism, surveillance, and computer hacking laws prohibit the nonconsensual observation and recording of individuals in states of undress or engaged in sexual activity, the nonconsensual *disclosure* of intimate images has been largely unregulated by the law. This is beginning to change.

II. Global and U.S. Legislative Efforts

In 2009, the Philippines became the first country to criminalize nonconsensual pornography, with a penalty of up to 7 years' imprisonment.¹¹ The Australian state of Victoria outlawed non-consensual pornography in 2013.¹² In 2014, Israel became the first country to classify non-consensual pornography as sexual assault, punishable by up to 5 years imprisonment;¹³ Canada criminalized the conduct the same year.¹⁴ The United Kingdom, Brazil, and Japan are currently considering legislation on the issue.¹⁵ In 2014, a German court ruled that an ex-partner must delete intimate images of his former partner upon request.¹⁶

⁸ See Jack Simpson, [Revenge Porn: What is it and how widespread is the problem?](#), The Independent, July 2, 2014; Annmarie Chiarini, ["I was a victim of revenge porn."](#) The Guardian, Nov. 19, 2013.

⁹ See Ann Bartow, *Pornography, Coercion, and Copyright Law 2.0*, 10 Vand. J. Ent. & Tech. L. 799, 818; Marion Brooks, [The World of Human Trafficking: One Woman's Story](#), NBC Chicago, Feb. 22, 2013.

¹⁰ Tara Culp-Ressler, [16 Year-Old's Rape Goes Viral on Twitter](#), Think Progress, July 10, 2014.

¹¹ World Intellectual Property Organization, *Anti-Photo and Video Voyeurism Act of 2009* (Republic Act No. 9995), <http://www.wipo.int/edocs/lexdocs/laws/en/ph/ph137en.pdf>

¹² Daily Mail, ['Revenge porn' outlawed: Israel and Australia ban spurned lovers from posting compromising photos of their exes](#), Jan. 8, 2014.

¹³ Yifa Yaakov, [Israeli law makes revenge porn a sex crime](#), Times of Israel, Jan. 6, 2014.

¹⁴ House of Commons of Canada, [Bill C-13](#).

¹⁵ Alex Cochrane, [Legislating on Revenge Porn: An International Perspective](#), Society for Computers and Law, July 24, 2014.

¹⁶ Philip Oltermann, ['Revenge porn' victims receive boost from German court ruling](#), The Guardian, May 22, 2014.

Before 2013, only three U.S. states – New Jersey, Alaska, and Texas¹⁷ – had criminal laws directly applicable to nonconsensual pornography. Between 2013 and 2014, 13 states passed criminal legislation to address this conduct: **Arizona¹⁸, California, Colorado, Delaware, Georgia, Hawaii, Idaho, Illinois, Maryland, Pennsylvania, Utah, Virginia, Wisconsin.** The Cyber Civil Rights Initiative advised 11 of these states, though it is important to note that the final versions of many of these laws may not reflect CCRI’s recommendations. The conduct carries felony penalties in six of these states (Arizona, Hawaii, Idaho, Illinois, New Jersey, and Texas) and is a misdemeanor offense in the other ten.¹⁹

Legislation has been introduced or is pending in several other states, as well as the District of Columbia and Puerto Rico. As of January 2015, the Cyber Civil Rights Initiative has advised or is advising nine of these states: **Alabama, Florida, Kansas, Kentucky, Missouri, New York, Oklahoma, Oregon, Washington,** as well as **Washington, D.C.** Updated information about enacted and pending legislation can be found at the National Conference of State Legislatures (NCSL) [Revenge Porn Legislation Page](#). For a list focused solely on states that have passed revenge porn laws, see attorney and CCRI Board Member Carrie Goldberg’s [blog](#).

CCRI is also working with the office of Congresswoman Jackie Speier (D-CA) on a federal criminal bill to be introduced in early 2015.²⁰

III. Elements of an Effective Law

Unfortunately, many laws that have been passed or are pending regarding nonconsensual pornography suffer from overly burdensome requirements, narrow applicability, and/or constitutional infirmities. A strong law must be clear, specific, and narrowly drawn to protect both the right to privacy and the right to freedom of expression. The following is a list of features an effective law should have, as well as features that should be avoided.

